



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 2. mars 2018.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 160/2008, um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga (endurgreiðsla vegna gleraugnakaupa barna), 105. mál.


Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 2. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir umsögn Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi um ofangreint frumvarp.

Í 1. grein laga nr. 160/2008 um hlutverk þjónustu og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, segir meðal annars:

“Starfrækja skal þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og [einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu]. ¹⁾ Markmið hennar er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða [með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu] ¹⁾ til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómsunda og atvinnuþátttöku. Stofnunin skal veita þjónustu á sviði ráðgjafar, hæfingar og endurhæfingar. Jafnframt skal hún þjóna hlutverki þekkingarmiðstöðvar sem aflar og miðlar þekkingu á aðstæðum notenda í því skyni að bæta þjónustu og stuðla að framförum. □ Stofnunin skal hafa yfirsýn yfir aðstæður þeirra sem eru blindir eða sjónskertir og gegna samhæfingarhlutverki gagnvart öðrum sem veita umræddum notendum þjónustu. Hún skal einnig sinna fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við aðstandendur, skóla og aðrar þjónustustofnanir. ”

Blindrafélagið leggst eindregið gegn því að megin hlutverk og markmið Miðstöðvarinnar verði þynnt út með því að gera hana að afgreiðslustofnun fyrir niðurgreiðslu gleraugna, eins og því er lýst í frumvarpinu. Umsýsla með endurgreiðslunni hefur ekkert með þjónustu við blinda og sjónskerta og daufblinda einstaklinga að gera. Blindrafélagið óttast að verði Miðstöðinni gert að sjá um þetta verkefni muni það taka til sín bæði fjárheimildir og starfskrafta sem stofnunin hefur yfir að ráða. Það mun mjög fljótlega bitna á því megin hlutverki sem Miðstöðin var stofnuð til að sinna með tilsvarendi neikvæðum afleiðingum og þjónustuskerðingu. Það er jákvætt að auðvelda aðgengi ungmenna að gleraugum en Blindrafélagið telur hins vega umsýslu með því engan vegin rúmast inna tilgangs og markmiða Miðstöðvarinnar.

Virðingarfyllt,


Sigpór U. Hallfreðsson
formaður Blindrafélagsins


Kristinn Halldór Einarsson
framkvæmdastjóri Blindrafélagsins.